

Skýrsla stjórnar á aðalfundi, 20. júní 2003

Jónmundur Guðmarsson

Góðir fundargestir.

Það sem borið hefur hæst í starfsemi Landskerfis bókasafna hf. undanfarna tólf mánuði tengist opnun Nýja-Gegnis. Í júní á síðasta ári hófst vinna við flutning gagna úr Gamla-Gegni en ekki tókst að ljúka henni fyrr en undir vor 2003. Ýmislegt varð til að tefja verkið, kannski umfram allt það að hér var um mjög stórt gagnasafn að ræða eða ritaskrá stærsta bókasafns þjóðarinnar, en einnig reyndist á stundum flókið að stilla saman vinnu og tíma allra sem að verkinu komu, enda sátu þeir eftir atvikum í Bretlandi, aðrir í Póllandi, Íslandi, Þýskalandi eða Ísrael. Hvað sem líður nútímalegri samskiptatækni getur verið erfitt að stilla saman krafta margra manna við flókið verk, en allt gekk þetta þó upp að lokum og hafa ekki komið upp vandamál vegna gagnanna eftir að flutningurinn var um garð genginn svo orð sé á gerandi. Um leið og gagnaflutningum lauk, hafði kerfið verið íslenskað að því marki sem ráðgert var og því var hægt að opna það með viðhöfn þann 19. maí síðastliðinn. Þar náðist stærsti áfanginn í innleiðingu kerfisins til þessa og þjóðin fékk stórlega bættan aðgang að ritaskrá fimm títán fyrstu safnanna.

Í ræðu sinni við opnun kerfisins í Þjóðarbókhöðunni í maí sl. tilkynnti Tómas Ingi Olrich menntamálaráðherra að í ráði væri að fela Landsbókasafni-Háskólabókasafni að fara með hlut ríkisins í fyrirtækinu Er það nú orðin raunin og tel ég að það verði Landskerfinu til framdráttar að vinna náið með fulltrúum þessa leiðandi aðila í flokki íslenskra bókasafna.

Á rekstrarárinu 2002 komu óverulegar tekjur af starfsemi fyrirtækisins, enda var bókasafnskerfið þá ekki komið í gang. Þetta breyttist hins vegar í janúar 2003, því þá

fóru að berast tekjur vegna þjónustugjalda frá hluthöfum. Rekstraráætlun fyrirtækisins, sem samþykkt var í janúar síðastliðnum, felur í sér að tekjur verði um 75 milljónir yfir árið, að reksturinn verði í jafnvægi á árinu og að menntamálaráðuneytið greiði þann styrk til rekstrarins sem lofað hefur verið. Helstu útgjaldaliðir skiptast nokkurn veginn þannig að hýsingargjald nemur þriðjungi kostnaðar, laun fjórðungi og hugbúnaðargjald einum tunda.

Þjónustusamningar milli Landskerfis bókasafna og viðskiptamanna eru ekki tengdir vísitölu en gefa þó hóflegt svigrúm til verðhækkana. Má telja eðlilegt að nokkur hækkun verði á þjónustugjaldinu frá næstu áramótum svo gjaldið rýrni ekki að teknu tilliti til verðbólgu.

Sem fyrr greinir náðist fyrir skemmstu samkomulag á milli menntamálaráðuneytis og Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns um að safnið tæki við umsjón og öllum verkskyldum ráðuneytisins gagnvart félaginu og í reynd gagnvart öðrum ríkissöfnum. Tel ég það fagnaðarefni og Landskerfinu til framdráttar að fyrir liggja skýrar línur um tilhögun ríkishlutans. Við slíkar breytingar er á hinn bóginn eðlilegt að nýjir aðilar hafi hönd í bagga með stjórn félagsins í samræmi við ábyrgð sína. Þar sem ég tók að mér að setjast í stjórn félagsins á sínum tíma fyrir hönd menntamálaráðuneytis og fyrir þáverandi menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, hef ég, ákveðið að nota þessi þáttaskil til að draga mig í hlé frá stjórnarstörfum fyrir fyrirtækið. Það gerir einnig hinn fulltrúi ráðneytisins, Arnór Guðmundsson, sem er fjarstaddur í dag en það fyrir kveðjur til fráfarandi stjórnar og starfsfólks fyrir gott samstarf. Sjálfum hefur það verið mér ánægjulegt að fylgja þessu smáa en efnilega fyrirtæki fyrsta spölinn og sjá nýja kerfið tekið í gagnid eftir langan og flókinn undirbúning. Að síðustu vil ég því færa stjórn, framkvæmdastjóra og starfsfólki Landskerfis bókasafna kærar þakkir fyrir gott samstarf og óska fyrirtækinu og nýrri stjórn farsældar í störfum.

Fyrir hönd stjórnar,

Jónmundur Guðmarsson
stjórnarformaður